

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**8. apríl 2025**

## **Umræða um nýtingu og staðsetningu auglýsingaskilta í borgarlandinu að beiðni borgarfulltrúa Viðreisnar**

### **Greinargerð**

Borgarfulltrúa Viðreisnar þykir þörf á að taka umræðu um auglýsingaskilti í borgarlandinu og mikilvægt að ræða samfélagsleg áhrif slíkra skilta, áhrif á umferð, áhrif á miðlun og áhrif á rekstur, t.d. óhagnaðardrifinna félagasamtaka s.s íþróttafélaga en fjöldi slíkra skilta er í þeirra eigu og eru lykilþáttur í rekstri félagana.

Undanfarnar vikur hafa borist margar beiðnir frá Vegagerðinni um að slökkt verði á LED skiltum og borið við að þar sé horft til öryggis í umferðarmálum. Aftur á móti styðja rannsóknir á engan hátt þá röksemd. Mun stærri ógn er þegar til staðar í flestum ökutækjum, þ.e. færanlegur LED skjár er nefnist sími og er gjarnan í augsýn ökumanna.

Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að slökkt verði á skiltum en nágrannasveitafélög farið aðrar leiðir og hafnað því. Er því talið að þörf sé á umræðu um málið og umræðu um samfélagslega kosti og galla slíkra skilta. Það er hægt að fara milliveg, án upphrópana, boða og banna.